

Kennsluáætlun í lífsleikni veturinn 2018-2019 6. bekkur

Kennarar: Guðný Stefanía Stefánsdóttir og Ríkharð Bjarni Snorrason

Markmið

- Að þjálfar nemendur í mannlegum samskiptum og tillitssemi
- Að nemendur vinni gegn einelti
- Nemendur kynnist frekar Uppbyggingarstefnu, vinni með hlutverkin og þekki grunnþarfirnar og lífsgildi og geti rætt um þau
- Að nemendur geti greint og lýst ýmsum tilfinningum, t.d. hamingju, gleði, sorg og reiði
- Að nemendur séu meðvitaðir um gildi mannréttinda og jafnréttis
- Að nemendur geti tileinkað sér holla neysluhætti og svefnvenjur
- Að nemendur geti gert sér grein fyrir að mismunandi siðir og reglur geta gilt innan fjölskyldna án þess að það hafa áhrif á gagnkvæma virðingu og samkennd.
- Að nemendur geti sett sér raunhæf markmið og unnið að þeim.
- Að nemendur geti gert sér grein fyrir áhrifum fyrirmynda.
- Að nemendur öðlist færni í samvinnu, framkomu, að koma fram fyrir hóp og flytja mál sitt.

Námsefni

Handbækur og annað efni um Uppbyggingarstefnu s.s. Verkfærakistan, Mitt og þitt hlutverk, Skýr mörk o.fl. Olweusaráætlun gegn einelti, Ertu? og Samvera. Annað efni frá kennurum.

Kennslutilhögun

Lífsleiknin er kennd tvisvar í viku að jafnaði allan veturinn. Kennsluaðferðir; einstaklingsvinna, umræður, hópavinna, leikir og bekkjarfundir. Reynt er að flétta lífsleiknina inn í aðrar námsgreinar eins og kostur er.

Í upphafi skólaárs setja nemendur sér markmið út frá niðurstöðum nemendapings varðandi einelti, vinnufrið í kennslustundum og ábyrgð á eigin námi og líðan. Lögð verður áhersla á að halda þeim markmiðum á lofti og vinna markvisst að þeim.

Árshátíð skólans er stórt verkefni sem kemur inn á lífsleikniþjálfun nemenda.

Námsmat

Ekkert formlegt námsmat.